



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 105. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 27. ágúst 2012 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku.

Mætt: Bjarni Pálsson, formaður, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Jakob S. Friðriksson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Magnús Ólafsson og Magnús Þór Jónsson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Haustfundur JHFÍ

Rætt um fyrirliggjandi drög að dagskrá fundarins, sem haldinn verður 2. október. Stefnt á að hefja kynningu á dagskrá innan viku.

Magnús Þór vék af fundi að loknum 2. dagskrárlið.

3. Styrkur JHFÍ 2012

Líkt og árin tvö á undan styrkir JHFÍ íslenskan doktorsnema í jarðhitatengdu námi um allt að kr. 350 þúsund til að sækja fjölbjóðlega jarðhitaráðstefnu. Fjórar sterkar umsóknir bárust að þessu sinni. Niðurstaða stjórnarinnar var að styrkinn hlyti að þessu sinni Lilja Magnúsdóttir, sem leggur stund á doktorsnám í orkuverkfræði, með áherslu á jarðhita, við Stanford háskóla. Lilja hyggst sækja European Geothermal Congress á Ítalíu, í júní 2013, þar sem hún mun m.a. kynna doktorsverkefni sitt. Umsókn Lilju þótti afar sterk og hún hefur náð afar góðum árangri í sínu námi.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 17. september, í húsakynnum Mannvits.

Fundi slitið kl. 16:25. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
